



Til skipulags- og umhverfisráðs

Kópavogi, 30. maí 2025
One: 2505604

Efni: Ágrip. Kársnesbraut 108. Breytt deiliskipulag.

Kársnesbraut 108. Breytt deiliskipulag.

Lögð er fram til afgreiðslu tillaga Lárusar Kristins Ragnarssonar arkitekts og Hrafnkels Odda Guðjónssonar lögmanns f.h. lóðarhafa lóðarinnar nr. 108 við Kársnesbraut að breytingu á deiliskipulaginu „Hafnarbraut 1-10, Kársnesbraut 108-114“ fyrir lóðina nr. 108 við Kársnesbraut, dags. 6. maí 2025. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. maí 2025.

Í breytingunni felst að fá skráningu á 2. hæð hússins, breytt úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Vegna landahalla er 2. hæð hússins á jarðhæð við Kársnesbraut.

Í gildandi deiliskipulagi er heimild til að byggja eina íbúðarhæð ofan á núverandi atvinnuhúsnæði við Kársnesbraut 108 til 114, það hefur verið gert á umræddri lóð. Í deiliskipulaginu segir jafnframt að jarðhæðirnar er snúa að Kársnesbraut, eigi að hafa fjölbreytta atvinnustarfsemi. Þess má geta að í vinnslutillögu fyrir rammahluta Aðalskipulags Kópavogs 2019-2040 er lögð fram skipulagshugmynd og þar er áhersla á að Kársnesbraut 108 hafi lifandi jarðhæð. Það gengur því gegn markmiðum gildandi deiliskipulags, sem og skipulagsáætlana fyrir svæðið, að breyta skráningu 2. hæðar hússins (jarðhæð við Kársnesbraut) í íbúðir.

Lagt er til við skipulags- og umhverfisráð að ofangreindri tillögu verði hafnað.

F.h. skipulagsfulltrúa

Freyr Snorrason
Verkefnastjóri

